

Sjálfstæð vinnubrögð

og ábyrgð á eigin námi

Fátt er jafn pirrandi fyrir marga unglinga eins og spurningin sígilda: Ertu búin/n að læra? Foreldrar spyrja þessarar spurningar oft af gömlum vana og varla er beðið eftir svári. Hvers vegna ætli spurningin sé svona pirrandi? Veltu spurningunni nánar fyrir þér.

Sumum finnst hún kannski fela í sér hálfgerð vantraust á að námsmaðurinn sé ábyrgur gerða sinna. Hún gæti líka falið í sér vantrú á að viðkomandi læri nema á hann sé ýtt og jafnvel að hann eigi að læra fyrir foreldra sína en ekki fyrir sjálfan sig. Trúlegast er þó að spurningin feli í sér umhyggju foreldranna og sumum unglingum finnst hún því bara notaleg. Ef þú ert spurð/ur þessarar spurningar daglega og hún pirrar þig ættir þú að semja við foreldra þína um að hætta að spyrja og í staðinn látir þú þá vita þegar þú ert búin/n að læra. Þar með hefur þú tekið ábyrgðina sjálf/ur.

Ef þú vilt vinna markvisst að því að verða sjálfstæður og ábyrgur námsmaður þarftu að öðlast góða yfirsýn yfir nám þitt. Notaðu sjálfskoðunarverkefni sem fylgja þessu námsefni til að skoða styrkleika þína og veikleika í einstökum námsgreinum og vinnu þeim tengdum. Athugaðu líka vel lífsvenjur þínar sem hafa áhrif á námsgengið. Með því að íhuga vel stöðu þína í námi getur þú síðan gert áætlanir um hvernig þú getur unnið og bætt stöðuna. Reyndu að nýta þér jákvæða reynslu af því sem vel gengur og færa hana yfir á greinar eða aðstæður þar sem þér finnst þú þurfa að gera enn betur.

Sjálfstæður og ábyrgur námsmaður leitar sér aðstoðar þegar á þarf að halda. Ef þú finnur að þú nærð ekki nógu góðum tókum á tilteknum þáttum í náminu skaltu ræða við kennara í viðkomandi grein um vanda þinn. Þú getur líka leitað eftir tímabundinni stuðningskennslu og aðstoð foreldra eða eldri systkina. Vertu ófeimin/n við að leita til námsráðgjafa sem getur aðstoðað þig við að skoða sjálfa/n þig sem námsmann og jafnframt getur þú rætt við námsráðgjafa um hugmyndir þínar um nám í framtíðinni.

Eins og fram kemur hér að ofan þá eru nokkur lykilatriði sem sjálfstæður og ábyrgur námsmaður hefur að leiðarljósi:

- Vinnur heimavinnu
- Leitast við að þekkja styrkleika sína og veikleika
- Leitar sér aðstoðar.

Marga fleiri þætti má nefna, eins og til dæmis að mæta vel í skólann, hlusta vel á kennara, forðast neikvæðar hugsanir og þannig mætti lengi telja.

Sjálfskönnun um náms- og lífsvenjur sem fylgir þessu efni gæti gagnast þér til að finna út hvernig námsmaður þú ert. Hikaðu ekki við að nýta þér hana til að átta þig á hvaða þætti þú þarft að styrkja hjá sjálfri/sjálfum þér til að ná góðum árangri.